

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að forseti kirkjuþings, fyrsti varaforseti þingsins og formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings myndi til bráðabirgðastjórn, sem í umboði kirkjuþings, fer með þá fjárstjórn sem mælt er fyrir um í 7. gr. nýrra laga um þjóðkirkjuna.

#### Greinargerð.

Samkvæmt 7. gr. nýrra þjóðkirkjulaga fer kirkjuþing með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

Samkvæmt starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009, með síðari breytingum, ber forseti kirkjuþings ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Á grundvelli þessa verður ekki annað séð en að forseta kirkjuþings sé skylt, að óbreyttu, að sinna framangreindri ábyrgð kirkjuþings hvað varðar fjárstjórn. Því þykir rétt að leggja til að þriggja manna stjórn verði sett á laggirnar, til bráðabirgða. Hún verði skipuð forseta þingsins, ásamt fyrsta varaforseta og formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings. Stjórnin sinni þeirri framangreindu ábyrgð sem kirkjuþing ber á fjármálum frá og með 1. júlí nk., milli funda kirkjuþings. Í þeirri ábyrgð felst m.a. að undirbúa gerð fjárlaga næsta árs, annast framkvæmd fjárlaga og fylgjast með útgjöldum. Stjórnin vinni þetta í samráði við forseta kirkjuráðs og aðra þá sem bera ábyrgð á fjármálum.

Gert er ráð fyrir að kirkjuþing 2021-2022 gangi síðan frá endanlegri skipan mála hvað varðar fjárstjórn og annað það vald sem kirkjuþing hefur samkvæmt nýjum lögum um þjóðkirkjuna. Þá er gert er ráð fyrir að stjórn þessi haldi mánaðarlega fundi og a.m.k. þrjá aukafundi til undirbúnings fjárlaga næsta árs.

Kostnaður af samþykkt málsins mun verða um 500 þúsund krónur vegna þóknunar stjórnar samkvæmt gjaldskrá þóknananefndar og um 140 þúsund krónur í ferðakostnað.